




Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi



Reykjavík 7. febrúar 2017

Breyting á skilmálum deiliskipulags fyrir Naustreit, staðgreinireit 1.132.1

Samþykkt í skipulagsráði 18. maí 2005

Breyting vegna Tryggvagötu 18-18c

Forsendur

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Tryggvagata 18-18c á skilgreindu landnotkunarsvæði M1c: Blönduð miðborgarbyggð. Á því svæði þarf að skilgreina í deiliskipulagi heimildir um íbúðarhúsnæði sem sérstaklega er ætlað til útleigu til ferðamanna. Hinum megin við Tryggvagötuna er skilgreint landnotkunarsvæði M1a: Í miðborgarkjarnanum má finna lykilstofnanir stjórnsýslu, menningar og mennta, líflægustu verslunargötur landsins, litríka flóru veitingastaða auk fjölbreyttrar sérfræðipjónustu. Sérstök áhersla er á smásöluverslun auk veitingastarfsemi og afþreyingu sem og þjónustu lykilstofnana stjórnsýslu, menningar og mennta. Á jarðhæðum eru verslunar-, veitinga- og menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, en á efri hæðum skrifstofu- og íbúðarhúsnæði auk gistiþjónustu.

Í húsinu Tryggvagata 18-18c hefur verið starfrækt gistiheimil í flokki II frá 2012. Fyrir liggja þinglýstrar heimildir meðeigenda eigna í húsinu fyrir slíkri starfsemi. Rekstrarheimild gistiheimilisins er í flokki II.

Breytingin felur í sér að skilmálum verður breytt þannig að heimilt verður að hafa gististað í flokki III eða íbúðir á efri hæðum húss nr. 18-18c við Tryggvagötu.

Sérskilmálar fyrir Tryggvagötu 18-18c fyrir breytingu:

„Samkvæmt þessari breytingu á deiliskipulagi er nýbyggingarmagn 3270 m² án kjallara. Þar af eru u.þ.b. 825 m² á fyrstu hæð fyrir verslun og þjónustu (tvö verslunarrými), en 2445 m² er íbúðarhúsnæði (24 íbúðir) á efri hæðum hússins.“

Sérskilmálar fyrir Tryggvagötu 18-18c eftir breytingu:

„Byggingarmagn á lóðinni er 3270 m² án kjallara. Þar af eru u.þ.b. 825 m² á fyrstu hæð fyrir verslun og þjónustu (tvö verslunarrými), en 2445 m² er íbúðarhúsnæði eða gististaður í flokki III á efri hæðum hússins.“

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Borgarráði þann 23. feb. 2017 og emb. atg. skipul. fulltr. þann 28. apríl 2017.

Tillagan var auglýst frá 1. mars 2017 með athugasemdafresti til 12 apríl 2017.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2017

Björn Atli